

Á Bröttubrekku

I

Difficile est in infernis perspicere
veritatem, difficilius perspexisse.

Reykvíkingar ættu að ganga oftar en gert er út á Mela, horfa þar á Marconistengurnar sem gnæfa svo hátt yfir símastaurana og hugsa dálitið um sögu mannkynsins á einum af þeim hnöttum sem hin myja heimsfræði nefnir inferna mitiora eða stupid itatis. Hugsa t. a. m. um stefnur í sambandsmálum. Fyrir rúnum 400 árum vissu menn á Frakklandi alls ekki af Vesturálfunni (þó að Íslendingar hefðu þá fyrir löngu fundið Vesturheim). En nú fyrir fáum árum varð sambandsmunurinn svo mikill að maður í Ameríku gat talað við mann í Frakklandi fyrir umbúnað slíkan sem sjá má þarna á Melunum.

Melastöðin er miklu aflminni en stöðvar þær sem notaðar eru til sambands yfir Atlantshafið; en þó að hún sé aðeins minniháttar Mardonistöð þá mætti þó héðan senda þýðingarmeira skeysi en nokkur sem frá slíkri stöð hafa komið.

Aðferðin sem hafa skal er þessi: Menn fái sér góðan „andamiðil“ og geri sambandstilraun þar á stöðinni. ekki við andheiminn samt — og það er nú vandinn mesti að komast upp úr hinum afarforna hugsanafarvegi sem trúin á andaheim táknar — heldur við aðra hnetti. Við verðum að reyna að færa okkur í nyt verk Brúnós og Galileis og þeirra sem haldið hafa áfram af þeim. Tilraunin mun takast ef mín ráð eru við höfð.

Þegar vitundarsamband miðilsins við íbúa annars hnattar væri fengið mundu ef til vill þeir „hinum megin“ geta notað

Marconitækin til að senda eitthvert skeyti, eftir því sem þeir hefðu sagt fyrir, með því að nota heila og talfæri miðilsins.

Gætum við fengið einhvern árangur hér mundu þess konar tilraunir verða teknar upp þar sem loftslagsskilyrði fyrir sambandi við aðra hnerti eru betri en hér á landi; og mundi þá brátt tíðinda von En nú er eftir að vita hvort Íslendingar gefa um að vera á undan í þessum efnum. Það kostar ekki annað en dálítið af andlegri áreynslu, þeirrar tegundar sem þarf til að breyta stefnu til réttari áttar. Og svo reynir hér dálítið á hugdirfð, nokkurs konar. Hið forna heilræði „sapere aude“, í merkingunni: Þorðu að hugsa viturlega, á hér við.

II

Í júnímánuði 1908 sátu nokkrir menn á fundi einhvers staðar í Lundúnum og leituðu sambands við andaheiminn. En þegar samband tekst, þá gerðist það til tíðinda, að sá sem talaði fyrir munn miðilsins, sagðist vera, ekki andi, heldur maður á Mars. Ég var staddir í Lundúnum, þegar þetta gerðist. Og held ég að vísu ekki, að þessi vera, sem gerði vart við sig þarna á miðilsfundinum, hafi verið Marsbúi; hygg ég að áhrif fundarmanna á miðilinn hafi ekki leyft stjörnubúanum að segja réttar til heimkynnis síns; en áhrif sitjaranna (the sitters) á miðilinn, þau sem verða með „bioinduction“, er ég nefni svo, ráða mjög miklu um það, hvað miðillinn getur sagt af því, sem til hans er stefnt frá sambandsverunni. Ég hygg helst, að á fundi þar sem ég væri viðstaddir, og þar sem tilraunamenn væru mér ekki mótsnúrir, mundi engin vera, sem í miðilinn kæmi, segjast vera frá Mars. Þykir mér fremur ólíklegt, að í þeirri stjörnu sé nokkur manna-byggð. Sumir hafa í þeim efnum byggt mikið á rákum þeim, er sjást á stjörnunni og talið vera skurði eða síki gerð af skynsemi gæddum verum. En mér þykir líklegra, að vér sjáum, þar sem Mars er, hnött sem er kólnaður mjög og sigrinn saman og rifinn sundur „þvert og endilangt“ af gjám, miklu stórkostlegri en til eru á jörðu hér. Séu það síkin er menn hafa talið vera. Verður að muna eftir því að, sögu

þessa nágranna okkar í himingeimnum er langt um lengra komið en sögu jarðarinnar; er bæði að Mars er miklu eldra barn sólarinnar en jörðin og rúmmálið margfalt minna og hefir sú jarðstjarna því verið stórum fljótari að kólna en okkar. Vænti ég ekki sambands þaðan.

III

Tilraunir þær, sem nú var á minnst, og frú Eva Harrison hefir sagt frá í bók frá 1915 („Wireless messages from other worlds“), hafa hvergi nærri vakið þá eftirtekt, sem vert hefði verið; því að þær eru mjög merkilegar, þó að mikið skorti að vísu á, að málið sé þar komið á vísindastigið. Kalla ég ekki vísindalega horfa, fyrr en menn skilja, hvers eðlis miðilssambandið er og gera ráð fyrir, að allt þetta, sem menn hafa haldið vera líf í andaheiminum — og misskilið stórum og vanskilið, eins og við var að búast þar sem rannsakað hefir verið af næsta litlum skilningi á undirtöðuatriðum — sé í raun réttri lífið á öðrum hnöttum. Og er að vísu við ramman reip að draga. Á aðra hönd er hin eldforna trú á anda og andaheim og hræðslan við, að menn verði sviptir einhverju dýrmætu, ef náttúrufræðingsaugum er litið á þetta mál. En á hina sú trú, sem rit eftir t. a. m. Flournoy eða Podmore bera svo greinilegan vott um, að allt þetta tal um „dularfull fyrirbrigði“, eigi ekki við annað að styðjast en hégóma, sjálfblekking og tál. Menn eins og þeir, sem ég nefndi, hafa talsvert orð á sér fyrir skarpleik; en þó skortir þá þess konar vitsnilld, sem þarf til þess að gera nýjar athuganir og finna nýjar leiðir til þekkingar. Er mikill viskumunur á manni eins og oldungnum Sir William Crookes, sem fundið hefir nýtt frumefni og nýja leið í eðlisfræði, og svo á manni eins og prófessor Flournoy þó að gáfumaður sé. (Skepticismus ist nur ein anderer Name für Mangel an Genie, Kritik aber gehört zum Wesen des Wissenschaftenden Genies).

IV

Í bók sinni „Memories and Studies“, 1912, bls. 189, segir hinn nafnkunni sálfræðingur William James, að láta sem annar sé: „Would be all originally due to an odd tendency to personate found in her dream life as it expresses itself in trance“. Segir James, að öll miðilssýningin verði fyrir vilja miðilsins á að láta sem hann sé einhver annar („on such a view of the control, the medium's will to personate runs the whole show.“) (Til samanburðar má hér setja orð Lodge's: „When Peter goes into a trance, his personality is supposed to change to that of other man“: Þegar P. (miðill) fer í sambandsástand, er haldið, að hann breytist, að persónuleikanum til, í annan mann. Raymond w. 129)

James segir um stofnanda fyrirburðarannsóknafél. enska (S.P.R.), prófessor Sidgwick, sem hann hrósar fyrir skarpleik, að eftir 25 ára rannsóknir á því, sem sumir halda vera samband við framliðna, hafi hann sagst vera hér um bil jafnnær. Sama segir James um sjálfan sig. En saga vísindanna sýnir, hverjum sem um það efni vill hugsa, að þegar mönnum verður svona lítið ágengt, þá eru mjög miklar líkur til þess, að þeir hafi aldrei komist á rétta leið í rannsóknum; skilning á undirstöðuatriðum hefir skort. Og það, sem þarna hefir verið mest til fyrirstöðu, er að menn hafa aldrei áttað sig á sambandsástandinu (trance). Sumar þær athuganir sem nota hefði mátt til þess að fá skilning á miðilsástandinu eru þó mjög fjarri því að vera nýjar. Árið 1850 ritar lífeðlisfræðingurinn dr. Mayo um þetta efni og staðfestir sams konar athuganir, sem gerðar höfðu verið á öldinni áður; segir Mayo að svafður (hypnotiseraður) maður, sem sjálfur er tilfinningalaus og hefir engin not sinna eigin skilningarvita, skynji það, sem hefir áhrif á tilfinning, þefjan og bragð svafnisins. (Hans eigin skynjan er úr sögunni um sinn, en skynjan annars manns komin í staðinn.) Sé sykur eða sinneplátið upp í hinn svafða, þá verður hann engrá áhrifa var; en sé sinneplátið á tungu svafnisins, þá lætur hinn svafði illa

við og reynir að spýta út úr sér því, sem alls ekki hafði í hans munn komið. Og sé svafnirinn hárreittur, þá kennir hinn svafða til. Það er sannarlega stórfurðulegt sambandsástand, sem slíkar athuganir bera vott um. Og einnig um það má komast líkt að orði og James gerir um miðilsástandið: Hinn svafði lætur eins og hann sé svafnirinn: „the hypnotized personates the hypnotizer“.

Það sem nú var sagt eftir Mayo er tekið úr fyrirtaks góðu riti um „psychical research“ eftir eðlisfræðinginn, sálu- og fyrirburðarannsóknarann (psychical researcher) Sir W. F. Barrett „einnig frá hans eigin tilraunum með stúlkubarn sem hann svafði. Hin svafða fann ekki til, svo að séð yrði, þó að stungið væri í hana nál eða hleypt í hana rafstraum nokkuð sterkum. Þegar Barrett lét upp í sig salt, sagði hún: Því eruð þið að láta salt upp í mig; og á sömu leið fór, þegar Barrett lét upp í sig pipar, sinnep o. fl. En þegar þetta var látið á hennar eigin tungu, þá virtist hún ekki verða vör við það. Þá gerði Barrett þá tilraun, að hann brá hendinni í ljós og brenndi sig lítið eitt; en hin svafða, sem sneri baki við honum og hafði, til enn frekari varúðar, bundið fyrir augun, hrópaði, að hún hefði brennt sig á hendi og sýndi merki að hún fann til. Á sömu leið fór, þó að hann fjarlægðist hina svafðu nokkuð og færi jafnvel í annað herbergi. Það var eins og sál Barretts hefði farið í hina svafðu og komið um stund í staðinn fyrir hennar eigin sál. Má hafa hér til samanburðar það, sem sagt er í ritgerð minni „Á annarri stjörnu“ um tilraunir þær sem dr. Sidis gerði með F. V. En þó er suð tilraun líkari þeirri, sem nú skal frá greint. Tilraunirnar voru gerðar á Írlandi. Barrett segir við hina svafðu, sem aldrei hafði út fyrir Írland komið, að hún skyldi í huganum fara til Lundúna og í tiltekna götu; lýsti hún þá rétt búð þar í götunni, sem hann var að hugsa um. Það sem Barrett gerði þarna, ef ég skil rétt, var að skapa hinni svafðu hugsamband við einhvern, sem sá búðina, líkt og Sidis skapaði F. V. hugsamband við Deady. W. E. Wilson, vísindamaður (F.R.S.), sem viðstaddur var tilraunirnar, skrifar Barrett seinna: „Við sönnuðum, svo ekki varð efað, að hin svafða

gat lesið hugsanir svafnisins.“ — Það eru býsna ótrúlegar sögur, þessar sem Barrett er að segja; en bæði er, að sögu-maðurinn er áreiðanlegur, enda margt slíkra athugana. Menn hafa einnig fundið, að vitundarsamband getur átt sér stað þó að ekki sé svafing viðhöfð. hefir fyrirburðarann-sóknafélagið (S.P.R.) gengist fyrir vönduðum tilraunum af því tagi; er í þess konar tilraunum kallaður gjörandi (agent), sá sem svarar til svafnisins, í tilraunum þeim er áður var af sagt, en skynjandi (percipient), sá er svarar til hins svafða. hefir mönnum orðið alveg furðulega lítill viskuauki að hinum mörgu, afar eftirtektarverðu athugunum, sem gerðar hafa verið.

Af tilraunum, sem gerðar voru með fjarsamband vitunda, án svafningar, má tilgreina þessa. Stúlkurnar, sem nefndar eru, hafa, með forsjá fyrirburðarannsóknafélagsins, gert margar tilraunir með vitsamband. Ungfrú Miles, gjörandinn (agentinn) í þeirri tilraun, sem hér segir frá, var stödd á Englandi sunnarlega, en ungfrú Ramsden, skynjandinn (percipientinn) í tilrauninni, var á Skotlandi norðarlega. Ramsden ritar Miles þannig: 31. 10. 1907: Það, sem ég held að þú viljir að ég sjái, er lítil telpa með brúnt hár niður eftir bakinu, bundið hárband á vanalegan hátt. Hún situr við borð og snýr baki að og virðist vera að klippa úr blaði. Hún er með hvíta ermasvuntu og á að giska 8-12 ára að aldri. — H. R.

Þetta stóð heima; konan, sem ungfrú Miles gisti hjá, átti dóttur, 11 ára gamla, sem þessi lýsing átti við og ungfrú Ramsden virðist hafa séð hana með augum vinstúlkum sinnar þó að mestur hluti Bretlands hins mikla væri á milli. (Barrett, bls. 102-3). Það er augljóst, að ungfrú Ramsden sér barnið „hugaraugum“ (visio cerebralis) og giskar á aldurinn eftir því, sem hún sér, en les ekki aldur hennar úr huga vinstúlkum sinnar; hér ræðir um skynjanaflutning miklu fremur en hugsanaflutning.

V

Athuganir slíkar, sem hér hefir verið nokkuð af sagt og miklu meira er um í riti Barretts, má nú hafa til þess að skilja

hvers eðlis draumlifið er; en þegar skilningur á því er fenginn, hættir sambandsástand miðilsins að vera „dularfullt fyrirbrigði“. Draumarnir verða af því, að hinn sofandi, sem líkt og hinn svafði (hypnotiseraði) hefir tapað skilningarvits-sambandi sínu við umheiminn, fær þátt í því heilaástandi sem annar hefir, eða aðrir, fyrir skynjan og tilfinning; hinn sofandi, sem sér ekki með eigin augum, heyrir ekki með eigin eyrum og veit ekki af sér, heyrir með annarra eyrum, sér með annarra augum og hefir annarra sjálfstilfinning, einhverra sem vaka. Kalla ég draumgjafa þann, sem sér, og yfirleitt lifir það, sem ber í drauma einhvers; svarar draumgjafinn til svafnisins eða gjörandans (agentsins) í tilraunum slíkum, sem áður var af sagt, en dreymandinn til hins svafða eða viðtakandans (percipientsins). Eins og hinn nafnkunni lífeðlis- og menningarfræðingur dr. Draper segir í öðru sambandi, þá er það aðalatriðið, að skynjanin sé heft; hitt er aukaatriði, hvort skilningarvitasambandinu við umheiminn er lokið fyrir svafning, lyfjan eða vanalegan svefn.

Leið þessi, sem nú var nefnd, er ekki sú leið, sem ég fór til að uppgötva eðli drauma heldur fann ég, án þess að hafa slíkar tilraunir í huga, eftir mjög langvinnar athuganir, að sá sem lifir mínu draumlifi er ekki ég sjálfur, það sem mér virðist í svefninum vera mitt líf, er í raun réttri, þó að mitt ástand blandist þar saman við líf annarra. Það mun sýna sig, þegar stundir líða, að hér ræðir um óyggjandi uppgötvun í náttúrufræði, eins áreiðanlega og þá, sem áreiðanlegust er önnur. Það sem hér ræðir um er sannnefndur vitauki, viðbót við mannlega meðvitund. Dýrið hefir meðvitund um sig sjálft, en gerir sér ekki grein fyrir sjálfsvitund sinni; maðurinn hefir aukist það að viti, að hann veit af sjálfsvitund sinni. En þegar menn fara að færa sér í nyt þá uppgötvun, sem hér segir af, þá munu þeir vita, að þeir hafa ekki einungis sína eigin meðvitund, heldur einnig meðvitund allra annarra, eða eiga hennar kost, væri ef til vill réttara að segja. Það er erfitt að koma orðum að því, sem er eins nýtt mannlegri hugsun og máli og þetta er, sem hér ræðir um. Þessi uppgötvun, sem

gera má með því að skoða sinn eigin huga, getur á þessu stigi málsins kallast hin mikla uppgötvun, og hún mun valda meiri breytingum til batnaðar á högum mannkynsins en nokkur, sem gerð hefir verið áður. Áður en maðurinn veit þetta, sem hér er á vikið, er hann í rauninni ófarsælasta skepna jarðarinnar; og sjálfir guðirnir geta ekki hjálpað honum sakir fáviku hans; eða, eins og Schiller segir: Gegen die Dummheit kämpfen die Götter selbst vergebens. — Ástand annarra heila hefir alltaf áhrif á heila vora. Og þegar sérstaklega stendur á, getur annarra meðvitund komið fram í okkar eða jafnvel, að því er virðist, útrýmt henni alveg, svo að það verða sáluskipti. Í svefni er það nú einmitt þetta, sem gerist alveg reglulega (normalt); áhrifin af annarra skynjun o. s. frv. leika um hinn sofandi líkama og stilla heilann eftir annarra meðvitundum, þegar vor eigin skynjun er ekki til fyrirstöðu. Þannig er draumlífið tilkomið, að sínu leyti líkt og stjörnuljósið, þegar sólin er af himni. Þegar menn vita þetta verður þeim ljóst, hvað það er, sem sálfraðingar, án nokkurs neista af skilningi á því sem er aðalatriðið í því ástandi, hafa kallað „dissociation of personality“; og enn fremur mun þeim verða auðskilið, að því minna af vorri eigin meðvitund sem sambættist hinni aðfengnu „induceruðu“ meðvitund draumgjafans því síður munum vér að oss hefir dreymt.

Uppgötvunin á eðli drauma sýnir, hversu viturlega Leibnitz hugsaði, er hann gerði ráð fyrir, að meðvitund mannsins yrði fyrir áhrifum úr öllum heimi. Og menn munu komast að raun um, þegar þeir læra að átta sig á þessum efnum, að draumgjafar þeirra eiga heima á öðrum hnöttum. En engum er láandi, þó að það vefjist nokkuð fyrir honum að gera sér glöggt, að hann getur séð, líkt og viðstaddir væri, það sem við ber á stjörnum, sem eru með öllu ósýnilgar opnum augum á jörðu vorri.

Skilningurinn á eðli drauma hefir fengist fyrir langa við-leitni; það er ekki ofmælt, að þar kemur til greina þessi „longa applicatio,“ sem Newton talar um. Það eru sextán ár og meira, síðan ég beinlínis „setti mér fyrir“ að reyna að skilja eðli drauma. Og ég hefi fundið, hvernig á að ganga alveg úr skugga um það að draumlífið verður fyrir áhrif utan að; er það sem Plótín er að fálma eftir með orðinu „epakton“ (inductum, induktionsfænomen), — en ekki til-búningur, er svefnvitundin skapi úr eftirstöðvum áhrifanna á skyntaugarnar, ásamt leifum vökuvitundarinnar og ein-hverri vitund af skynjun gegnum svefninn.

Að vísu mun slíkt koma til greina, en mest þannig, að það hefir nokkur áhrif á sambandið við draumgjafann. Menn munu fá að sjá, að hún verður upphaf mikilla tíðinda í vís-indum þessi uppgötvun á sálufélagi eða sambandi við draumgjafann eða á því, að dulin fjölvitund (latent multiple personality), sem kemur fram í svefni, er eðlilegt (normalt) ástand mannsins. Hin mjög oft nefnda kenning Myers um undirvitund er til orðin af því, að mönnum hefir verið ókunnugt um þetta, sem hér er á vikið. Þegar menn jukust að þekkingu og lærðu að hugsa glöggar, hurfu þeir frá hinni fornu trú á, að maðurinn lifði það, sem hann dreymir og gæti farið í fjarlæg lönd, þó að „búkurinn lægi sofinn“. En þó að hinni einföldu barnstrú mannkynsins væri í þessum efnum sleppt, þá komust menn ekki á vísindaleiðina. Menn æfðu sig ekki nógu vel í að athuga nákvæmlega, hvað það er, sem þá dreymir. Ég hefi lesið margt um drauma, á átta málum, og virðist mér það allt með því marki brennt, að menn hafi ekki kunnað nógu vel að athuga draumana. Menn hafa ekki fundið nægilega til þess, hvað efnið er þýð-ingarmikið. Engan grunaði, að með því að skoða sína eigin svefnvitund nógu vandlega, mætti finna vísindalega aðferð til þess að rannsaka lífið á öðrum hnöttum og leggja undir

yfírráð vísindanna það svæði, sem einn af mestu spekingum, Herbert Spencer, hefir kallað the Unknowable, það sem aldrei yrði vitað. Menn grunaði heldur ekki, þegar þeir voru að rannsaka, hvernig ljósið brotnar, að á þeirri leið mundi verða fundin aðferð til þess að rannsaka efni annarra hnatta og ákveða með nákvæmni hraða sólna, sem eru í billjóna mílna fjarlægð. Auguste Comte, einn af mestu spekingum Frakka á öldinni sem leið, spáði því nokkru fyrir miðja öldina, rétt áður en aðferðin til þess að rannsaka efnin í öðrum stjörnum fannst, að mönnum mundi aldrei takast að beita efnafræðinni við himintunglin. Og ég býst við því, að flestir muni spá því nú að lífið á öðrum stjörnum muni menn aldrei læra að rannsaka. En ekki munu þeir sannspáir verða, er þannig spá, og mun hitt sönnu nær, að áður en mörg ár eru um liðin, verði þau vísindi komin vel á veg, sem Macmillan Brown (Godfrey Sweven), höfundur hinnar bestu framtíðarlýsingar (Utopia), sem rituð hefir verið á jörðu hér, hefir nefnt „astrobiology“, stjörnulíffræði; orð þetta sá ég ekki á prenti fyrr en í framtíðarlýsingu Browns, sem heitir Limanora, eða Framfaraeyjan, en hafði áður aðeins séð það í óprentuðum íslenskum ritgerðum.

VII

Menn snúast ekki rétt við því, sem hér er ritað með því að segja t. d. : Það er óhugsandi, að smáþjóðarmaður geri nokkra höfuðuppgötvun í vísindum, heldur ekki með því að vilja halda því fram, að maður, sem hefir æft sig nokkuð í að athuga jarðög og landslag (og sithvað fleira í náttúrufræði), eigi ekki að æfa sig í að skoða sinn eigin huga eða geti ekki náð neinum þroska í þeirri mennt; (en það er einmitt það, sem ég hefi mest æft og kann best; hefi ég á þúsundum andvökustunda ekki allfáum haft að sumu leyti alveg óvanalega góðar ástæður til að iðka þá fræði). Rétt aðferðin til þess að snúast við þessu máli er að læra sjálfur að athuga. Æfa sig í að athuga eftir því, sem hér er sagt og verður síðar sagt enn gjör, uns mönnum er orðið það dagljóst, að það sem þeim ber í drauma, er ekki þeirra eigin

hugarburður, og eins að draumgjafinn eða draumgjafarnir eiga heima á öðrum stjörnum.

Sálfræðin hér á útjaðri vitheims er í þessum efnum á svipuðu stigi eins og stjörnufræðin mundi vera, ef menn ímynduðu sér, að stjörnurnar væru ekki annað en hugarburður sem heilinn byggi til úr eftirstöðvum af áhrifum sól-skinsins. Hin nýja vísindagrein, sem nefna mætti epagógík, inductions- eða íleiðingarfræði, bregður merkilegri birtu yfir sumar kenningar hins ágæta Demókríts, mesta spekings fornaldarinnar; það er einkum kenning hans um „eidóla“ (á latínu simulacra) eftirmynndirnar, sem allir hlutir, að því er Demókrít sagði, senda ávallt frá sér í allar áttir, sem ég á við; rómverski spekingurinn Lucretius hefir í hinni miklu fræðikviðu sinni um eðli hlutanna gjörst skýrt frá þeirri kenningu.

Lögréttu 25. júní — 3. júlí — 24. júlí 1918